



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

71. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 11. ágúst 1982 og hófst hann kl. 17.00. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, skólanefndarmennirnir Halldór Guðmundsson, Bogi Hallgrímsson, Hreinn Ásgrímsson og Ingimundur Guðnason, fulltrúi nemenda Kalla Björg Karlsdóttir, fulltrúi kennara, Sturlaugur Ólafsson og Valtýr Guðjónsson, ritari skólanefndarinnar.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ingólfur Halldórsson lýsti undirbúningi haustannar. Skólastarf hefst 1. september án venjulegrar skólaþættingar - en skólameistari mun ávarpa nýnema og áfangastjóri útskýra fyrir þeim kennslutilhögun í skólanum.

Útlit er fyrir að almennir nemendur verði á haustönn a.m.k. 450, og 20 nemendur á fluglíðabraut. Vandamál gæti komið upp vegna fjölgunar nemendanna í húsnæði skólans. Horfur eru á að a.m.k. einn kennara vanti enn að skólanum, í stærðfræði, og var formanni og aðstoðarskólameistara heimilað að ráða hæfan mann í starfið.

Skólameistari lýsti nokkrum áhyggjum vegna verknámsins þar sem nemendum fækkar heldur, einkum í málmiðnum. Bæði hann og Halldór Guðmundsson töldu að stórauka þyrfti námskynningu - bæði meðal nemenda og aðstandenda þeirra þannig að auðveldara yrði um námsval.

Bogi Hallgrímsson fagnaði stórbættri aðstöðu nemenda úr nágrannasveitarfélögunum til þess að stunda nám í skólanum, bæði vegna bættra samgagna að og frá skóla, starfrækslu mötuneytis og allgóðrar lesstofu í skólanum til þess að sinnaalestri. Þetta mundi auðvitað stórauka aðsókn að skólanum. Til að lengja ekki um of dagdvalir nemenda og forðast óþægindi af skipulagi ferða þyrfti að athuga hvort ekki mætti hagnýta kennslurými í Gagnfræðaskólanum í Keflavík fyrir nemendur Fjölbrautaskólans, komi í ljós að lengja þurfi dagdvalir nemenda að öðrum kosti.

2. Innrétttingum í kennarastofu er ekki lokið. Tilboða hefur verið aflað í búnað. Tilboð frá Kristjáni Siggeirssyni h.f. íborð, stóla, hillur og skerma liggur fyrir að upphæð kr. 155.000.- miðað við efnið komið á staðinn og niðursett. Samþykkt. Verkinu þarf að vera lokið fyrir 20. þ.m.
3. Tölvufræðsla í skólanum hefur nokkuð verið rædd áður, enda þykir hún nú orðin nauðsyn. Gunnar Þórarinnsson, kennari sem kom á fundinn til þess að gefa upplýsingar um þessi mál sagði ýmsar tegundir tölva vera á boðstólnum, m.a. "Luxor" og "Commodore". Sú síðarnefnda er nokkuð almenn í skólum og dýrari. Samþykkt var að athuga um kaup á smátölvum af þeirri gerð eða öðrum ef um semdist frekar, enda fengjust viðunandi samningar um verð og greiðslukjör. Áætla má að búnaðurinn kosti allt að kr. 200.000.- Var Gunnari og Valtý falið framhald málsins. Tæki þessi yrðu sett í stofu 24.
4. Skólameistari ræddi fjárlagagerð fyrir skólann árið 1983, en hún liggur fyrir í endurskoðaðri áætlun frá menntamálaráðuneyti. Einstöku liðir þar eru víðsfjarri því að standast. Mun skólameistari bráðlega rita menntamálaráðuneyti um þetta. Endurkröfur ráðuneytisins varðandi reikningsárið 1981 liggja og fyrir. Nema þær alls kr. 479.463.- Helstu liðir þar eru: 2/3 hlutar kostnaðar við öldungadeild kr. 310.000.-, eftirvinna, tækjavarsla og félagsstörf kennara kr. 91.000.-, bókavarsla kr. 22.000.-, laun Árna Þorsteinssonar kr. 50.000.- og ýmislegt annað kr. 6.463.-
5. Önnur mál.
 - a. Aðstoðarskólameistari hefur auglýst stöðu kórstjóra að 1/3 hluta við skólann. Ein umsókn barst, frá Martial Nardeau.
 - b. Rætt um lengd náms í ráfiðnadeild, hvort þar skuli vera fullnaðarnám eða að hluta hjá meisturum. Sama máli gegnir um aðrar verknámsgreinar. Frestað var að taka ákvörðun. Samþykkt var að koma á fundi með meisturum og iðnsveinafélögum um þessi mál.
 - c. Nemandi af flugliðabraut, Björn Jónsson, Suðurvangi 8, Hafnarfirði týndist á Þingvallavatni um s.l. mánaðamót. Skólameistari samþykkir að senda aðstandendum hans samúðarkveðju þegar minningarathöfn fer fram.
 - d. Menntamálaráðuneyti hefur sett til eins árs frá 1. ágúst s.l. að telja alla þá kennara sem skólameistari hefur mælt með nema Gísla Torfason. Setning Hjálmars Árnasonar er þó miðuð við 1. september. Tillaga skólameistarar um skipun í starf fyrir Sturlaug Ólafsson og Sturlaug Björnsson verður ekki tekin til athugunar og afgreiðslu fyrr en í september næstkomandi.

- e. Menntamálaráðuneyti hefur veitt Konráði Ásgrímssyni 10 stunda kennsluafslátt á haustönn 1982 til þess að búa til prentunar þýðingu hans á kennsluefni í sálarfræði fyrir framhaldsskólastigið. 11. stunda kennsluafslátt fékk hann á vorönn 1982 vegna þýðingarstarfanna.
- f. Skólameistari vakti athygli á að rýmkuð hafi verið heimild til þess að ráða bókavörð eða bókaverði á framhaldsskólastigi. Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur rétt á a.m.k. 2/3 hlutum úr bókavarðarstöðu, en þörf er á heilu stöðugildi. Upplýsti skólameistari að Hulda B. Þorkelsdóttir, bókavörður við Grunnskóla Keflavíkur - barnaskólann -, óskaði eftir að vera framvegis í hálfu starfi þar, en í hálfu starfi við F.S. Vilhjálmur Ketilsson, skólastjóri yngri deilda grunnskólans er ekki andvígur þessari tilhögun. Skólameistari telur æskilegt að fá Huldu til starfa við skólann til þess að sjá um skipulags- og skráningarstörf, en Gunnar Bergmann verði áfram innkaupastjóri, sjái hann um innkaup og vörslu og verði sá aðili sem deildarstjórar og kennarar hafi samband við varðandi bókakaupabeiðnir. Skólanefnd samþykkti fyrir sitt leyti að heimila skólameistara að ráða Huldu í hálfstarf á þessum grundvelli.

Fleira vFleiraivarnekkí gert.

Valtýr Guðjónsson, ritari